



Forsætisnefnd

Reykjavík, 21. ágúst 2025
USK25060366

Beiðni umhverfis- og skipulagsráðs um endurskoðun samþykktar ráðsins.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 13. ágúst sl. var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins þar sem lagt er til að samþykkt ráðsins verði breytt á þá leið að þar verði kveðið á um að sama fyrirkomulag verði þar viðhaft varðandi boðun funda og útsendingu fundargagna eins og tíðkast hjá öðrum ráðum Reykjavíkurborgar. Það er að miðað verði við a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara að þessu leyti.

Ráðið samþykkti á fundinum að beina því til forsætisnefndar að láta vinna breytingu á samþykktinni þar sem boðunarfrestur er lengdur í tvo sólarhringa og samræma þannig boðunarfrest funda umhverfis- og skipulagsráðs öðrum fagráðum.

Skrifstofa borgarstjórnar hefur unnið tillögu að breytingu á samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs í samræmi við erindið og fylgir hér með til þóknanlegrar meðferðar forsætisnefndar og borgarstjórna.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Bréf umhverfis- og skipulagssviðs
Tillaga að breytingu á samþykkt umhverfis- og skipulagsráð.



Reykjavík



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. ágúst 2025
USK25060366

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags 13. ágúst 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins um samþykkt ráðsins

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samþykkt ráðsins, sbr. 32. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. júní 2025.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur óskar eftir því að samþykkt ráðsins verði breytt á þá leið að þar verði kveðið á um að sama fyrirkomulag verði þar viðhaft varðandi boðun funda og útsendingu fundargagna eins og tíðkast hjá öðrum ráðum Reykjavíkurborgar. Það er að miðað verði við a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara að þessu leyti.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu: Lagt er til að samþykkt verði að beina því til forsætisnefndar að uppfæra samþykkt ráðsins til að lengja boðunarfrest í tvo sólarhringa.

Málsmeðferðartillagan er samþykkt.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík



Reykjavík, 21. ágúst 2025

USK25060366

Tillaga að breytingu á 7. gr. samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs

7. gr. samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs hljómar svo:

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð heldur að jafnaði þrjá til fjóra fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. 36 klukkustunda fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skulu skipulagsfulltrúi, byggingarfulltrúi og skrifstofustjórnar sviðsins sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt undir þeim liðum sem varða þeirra verksvið. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Lagt er til að svohljóðandi breyting verði gerð á 7. gr. samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs:

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Umhverfis- og skipulagsráð heldur að jafnaði þrjá til fjóra fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. **tveggja sólarhringa** fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp



fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skulu skipulagsfulltrúi, byggingarfulltrúi og skrifstofustjórar sviðsins sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt undir þeim liðum sem varða þeirra verksvið. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Samþykkt á fundi borgarstjórnar XX.XX.2025

